


VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES

EINAR HANNESSON

VEIÐIMÁL
Á NORÐURLANDI EYSTRA

REYKJAVÍK 1986
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Í eftirfarandi yfirliti um veiðimál í Norðurlandi eystra er fjallað um ár, stöðuvötn, lax, silung, nýtingu veiðihlunninda, fiskrækt, fiskeldi og félagsmál. Greinarhöfundur hefur áður gert svipaða úttekt á veiðimálum fyrir aðra landshluta, sem birst hefur í Frey, og lýkur þar með verkefni þessu fyrir landið í heild.



Einar Hannesson.

Víðáttumikið landssvæði

Norðurland eystra nær sem kunnugt er yfir Eyjafjarðarsýslu og báðar Þingeyjarsýslur. Vatnasviðið er um 23 þúsund ferkílómetrar (þ.e. stærð þess lands er vatn fellur af) eða um 22% af vatnasviði alls landsins. Strandlengjan hefst að vestan við mörk Eyjafjarðarsýslu, utanvert við Ólafsfjörð, og að Gunnólfsfjalli á Langanesi að austan. Mörkin inn til landsins liggja um vatnaskil, eftir línu sem hugsast dregin eftir fjallgarðinum milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar í stefnu á miðju austurhlíðar Hofsjökuls, þaðan í Bárðarbungu á Vatnajökli og síðan í norðurátt til upptaka Jökulsár á Fjöllum í Brúarjökli. Þaðan liggja mörkin eftir ánni að stað á mótis við Víðidal á Jökuldal og síðan í stefnu í norðurátt allt að

Gunnólfsfjalli, sem fyrr var nefnt. Auk þess eru Grímsey og Flatey á Skjálfandaflóa hluti af Norðurlandi eystra, sem kunnugt er.

Fjölbreytt landslag

Landslag í Norðurlandi eystra er fjölbreytt. Í vesturluta þess eru einkennandi hinir háu fjallgarðar upp af Eyjafirði. Langir og djúpir dalir setja svip sinn á landið. Í Norður-Þingeyjarsýslu eru víðáttumikil heiðalönd með aflíðandi halla í átt til sjávar. Þá prýða vatnsföll og stöðuvötn landið, eins og síðar verður nánar vikið að. Töluvert er um örfoka land. Þá skarta jöklar skalla sínum að baki. Nágrenni Mývatns hefur á seinni árum vakið sérstaka athygli manna, því að á þessum slóðum

hefur land verið í umsköpun sökum jarðelda, eins og alkunna er.

Löng og vatnsmikil straumvötn

Í Norðurlandi eystra eru fimm í hópi 14 straumvatna, sem eru með stærst vatnasvið hér á landi. Þetta eru Jökulsá á Fjöllum (1), sem er með mesta vatnasvið allra vatnsfalla á landinu. Jökulsá er 206 km á lengd og vatnasvið hennar 7.750 km², þarf af 1.400 km² af jökli. Þá kemur Skjálfandafljót (4) sem er með 3.860 km² vatnasvið, 140 km² af jökli, en fljótið er 178 km á lengd. Laxá í Aðaldal (10) með 2150 km² vatnasvið og er 58 km á lengd, Fnjóská (13) 1.310 km² vatnasvið og er 117 km á lengd og Eyjafjarðará (14) með 1.300 km²



Efri Laufásfossar í Fnjóská. (Ljós. Þór Guðjónsson).

vatnasvið og 60 km á lengd. Landshlutinn býr því vel að löngum vatnsmiklum ám.

Laxárnar

Í landshlutanum eru 24 straumvötn, þar af er laxveiði í 13 þeirra. Langmesta veiðiáin er Laxá í Aðaldal, en henni tengjast tvær minni ár; Mýrarkvísl og Reykjadalssá og sem báðar gefa góða laxveiði. Vatnakerfi Laxár ber höfuð og herðar, ef svo má að orði komast, yfir aðrar ár í Norðurlandi eystra með veiði og þótt víðar væri farið, enda er Laxá ein af þekktustu og vinsælustu stangveiðiám landsins. Aðrar laxveiðiár í landshlutanum koma hér í röð eftir veiðimagni úr þeim: Fnjóská, Sandá í Pistilfirði, Skjálfafljóti, Hafnalónsá, Deildará, Svalbarðsá, Ormarsá, Hölná, Eyjafjarðará, og Þorvaldsdalsá. Auk laxveiði er silungsveiði í ánum, mest í Eyjafjarðará, Laxá í Aðaldal og Fnjóská.

Hlutdeild Norðurlands eystra í heildarveiði á laxi hér á landi á árunum 1975-1980 var frá 6% 1975 í 10.2% 1980. Árleg veiði þetta tímabil var um 5.100 laxar að meðaltali, mest stangveiði. Netaveiði hefur helst verið stunduð í Vestmannaá og Skjálfafljóti Laxveiðiárnar eru allar leigðar út til stangveiði.

Göngusilungsr

Silungsrnar eru um 11 talsins. Það eru Hörgá og Svarfaldalsá í Eyjafirði, Ólafsfjarðará, Litlá í Kelduhverfi, árnar í Fjörðum: Austurá og Bakkaá, Dalsá á Flat-eyjardal, Jökulsá á Fjöllum, Brunná og Lónsós á Langanesi. Svipað má segja um silungsrnar og laxárnar. Þær eru yfirleitt leigðar út til stangveiði. Netaveiði fyrir göngusilung fer fram í sjó að einhverju marki og einnig í stöðuvötnum sem hafa rennissamband við sjó, eins og t.d. sum vötnin á Melrakkaslétu og lónin í Kelduhverfi. Það er fyrst og fremst sjó bleikja sem veiðist í ánum, en lax



Ljósavatn í Suður-Pingeyjarsýslu. (Ljós. Einar Hannesson).

verður sums staðar vart þar að einhverju leyti. Skýrslusöfnun um silungsveiði hefur því miður ekki verið í eins góðu lagi og hún ætti að vera og því er ekki unnt að tíunda neitt um veiðina.

Silungsvötnin

Í Norðurlandi eystra eru 153 stöðuvötn, sem eru meira en 300 metrar á breidd. Þar af eru 89 vötn meira en þúsund metrar á lengdina. Stærstu vötnin eru: Mývatn 38 km², Óskjuvatn 11.4 km², Íshólsvatn 5.2 km², Másvatn 3.9 km², Sandvatn 3.7 km², Þríhyrn-

ingsvatn 3.6 km², Kálfborgarvatn 3.5 km², Ljósavatn 3.3 km², Hraunhafnarvatn 2.9 km², Ólafsfjarðarvatn 2.5 km², Vestmannaávatn 2.4 km² og Svartárvatn 1.9 km². Í flestum vatnanna á Norðurlandi eystra er silungur, bleikja eða urriði eða hvort tveggja. Mývatn er, eins og flestir vita, eitt gjöfulasta veiðivatn hér á landi, og er þar fyrst og fremst bleikja. Mestur hluti silungsveiði í vötnum fæst í net, en stangveiði er víða stunduð. Eitt stangveiðisvæði má nefna sérstaklega, sem þekkt er fyrir skemmtilega veiði, en það er Efri-Laxá, sem er viðfræg fyrir urriðaveiði.

Auk fyrrgreindra stöðuvatna mætti telja til nokkur vötn í landshlutanum, sem eru minni en þau vötn sem nefnd hafa verið: Langavatn og Kringluvatn, sem eru á vatnakerfi Mýrarkvíslar, Botnsvatn hjá Húsavík, Arnarneslón í Kelduhverfi og vötn á Melrakkaslétu: Skerjalón, Suðurvötn, Sigurðarstaðavatn, Blikalón, Ytra-Deildarvatn, Deildarvatn og Þernuvatn. Þá má nefna Kollavík-urvatn og Stóra-Viðarvatn og að síðustu Eiðisvatn á Langanesi, að ógleymdu Skjálftavatni í Kelduhverfi, sem myndaðist í jarðskjálftum vegna eldsumbrota á Kröflusvæðinu fyrir nokkrum árum.



Sandárfoss í Pistilfirði. (Ljós. Einar Hannesson).



Gamla veiðimannahúsið á Laxamýri. Jón H. Þorbergsson á Laxamýri stendur á tröppum. (Ljós. Þór Guðjónsson, 1968).

Fiskrækt

Fiskrækt hefur verið stunduð töluvert í Norðurlandi eystra. Á fyrstu áratugum aldarinnar var eingöngu um klak að ræða, t.d. við Mývatn. Skömmu fyrir heimsstyrjöldina seinni var á grundvelli Klaksjóðslaga nr. 36/1937 reist klakhús fyrir lax við Laxá hjá Brúum, sem starfrækt var í nokkur ár. Miklum fjölda laxaseiða hefur verið sleppt í árnar í Norðurlandi eystra á seinni árum og eitthvað er um að silungí hafi verið sleppt í vötn. Þannig mun silungur hafa verið fluttur á milli vatna. Í laxaklaci var fyrst eingöngu um kviðpökaseiði að ræða, þá sumaralin seiði og gönguseiði þegar þau komu til sögunnar á sjöunda áratugnum. Undanfarinn áratug hefur verið sleppt seiðum af ýmsum stærðum, t.d. í tilraunaskyni í stöðuvötn í Suður-Pingeyjarsýslu á vegum Búnaðarsambandsins þar, til þess að glæða laxgengd í vatnakerfin.

Fiskvegir

Nokkrir fiskvegir eða laxastigar hafa verið byggðir í landshlutunum til að opna laxi leið í efri hluta ána. Elsta mannvirki af þessu tagi er fiskvegur, sem gerður var í Fnjóská hjá Laufsfossom (1938) og frekari umbætur (1970). Annar

fiskvegur var byggður þar (1978) og frekari umbætur gerðar síðar (1985). Hins vegar er mesta mannvirkið hér á landi, laxastiginn sem byggður var fyrir nokkrum árum í Brúargljúfur í Laxá, til að gera laxi kleift að ganga upp í Efri-Laxá. Þá var gerður fiskvegur í Pverarfossa í Reykjakvísl (Mýrarkvísl) (1970), er kom í stað eldri stiga, sem var orðinn ónýtur. Á vatnasvæði Skjálfafljóts hefur mikið fiskræktarstarf verið unnið, m.a. var byggður fiskvegur neðst í Djúpá (1974) svo lax komst úr Fljótinu í ána. Þá voru gerðir skurdír, varnargarðar og stíflumannvirki í Fljótið til að greiða fyrir fiskför upp á svæðin fyrir ofan Ullarfoss og Barnafoss. Einnig hefur verið sleppt miklum fjölda laxaseiða af ýmsum stærðum í vatnakerfi Skjálfafljóts, m.a. í Ljósavatn í tilraunaskyni, sem fyrr greinir.

Veiðieftirlit

Veiðieftirlit hefur verið framkvæmt um langt skeið við nokkur vatnasvæði í Norðurlandi eystra og fylgst hefur verið með veiðiskap á Eyjafirði. Þetta hefur verið reglubundið eftirlit um veiðitímann og því hafa gegnt sérstaklega skipaðir veiðieftirlitsmenn,

sem hafa lögregluvald á þessu sviði. Auk þess hefur annars staðar verið strjálta eftirlit með veiði á vegum veiðifélaga eða veiðieigenda sjálfra.

Fiskeldi

Fjölþætt fiskeldi er nú í Norðurlandi eystra, enda gjöfult svæði hvað varðar jarðhita með heitt og temprað vatn. Fiskeldi hófst á sínum tíma með silungselði tveggja bænda í Kelduhverfi á árunum 1942-46, en var þá lagt niður. Þar var um brautryðjendastarf að ræða í þessu efni hér á landi.

Í fiskeldi og hafbeit á laxi eru nú starfandi sjö aðilar. Elst er fiskeldisstöðin Norðurlax hf., Laxamýri (1971), en visir að henni eða undanfari hennar var Klak- og eldisstöð Húsavíkur (1966), sem fluttist að Laxamýri. Þá má telja fiskhaldsstöðina Naustín hf. að Eiði, Langanesi (1976), sem reisti stíflu í útrennsli Eiðisvatns og hefur stundað laxahafbeit. Í Krossdal í Kelduhverfi hefur um árabíl verið stefnt að meiriháttar fiskeldi, einmitt þar sem tveir bændur, þeir Þórarinn í Krossdal og Þórarinn í Laufási, hófu tilraunir með fódrun á silungí sem fyrr var getið um.



Klakhús hjá Brúnum við Laxá í Pingeyjarsýslu. (Ljós. Þór Guðjónsson).

Þar er nú risin fiskeldisstöð á vegum Árlax hf. Þá er fiskeldisstarfsemi Isno hf., Lóni í Kelduhverfi (1978) sem er í eigu Tungulax hf. og Mowi, Noregi. Sú stöð stundar kvíaelði á laxi og einnig laxahafbeit. Síðan kemur Fiskeldi hf., Húsavík (1980) er rekur fiskeldisstöð með lax. Þá má nefna Óslax hf., Ólafsfirði (1984) sem stundar laxahafbeit og á Dalvík er fyrirtækið Ólunn hf. (1984) sem staðið hefur fyrir sjókvíaelði og landeldi á laxi og silungi. Nýjasta starfsemi af þessu tagi er Klakstöðin hf. Húsavík (1985) sem stefnir í fiskeldi með lax.

Félagsmál

Í Norðurlandi eystra eru 20 veiðifélög starfandi með 681 jörð innan sinna vébanda. Enn á eftir að stofna nokkur félög við ár og vötn og í landshlutanum, áður en fullnægt er ákvæði laga um lax- og silungsveiði frá 1970 um þá skyldu að hafa veiðifélög um allar ár og vötn í landinu. Veiðifélögin hafa beitt sér fyrir, auk útleigu áнна, fiskrækt, sem fyrr er getið um. Þá



Laxeldisstöð Norðurlax hf. á Laxamýri. (Ljós. Einar Hannesson).

hafa verið byggð nokkur vönduð veiðihús til nota fyrir hina fjölmörgu stangveiðimenn sem sótt hafa í veiðiskapinn.

Siglufjarðarsvæðið

Að lokum skal vikið nokkrum orðum að veiðiám og vötnum í Siglufirði, en þess svæðis hefur ekki verið getið áður. Í Siglufirði er lítil á, sem heitir Fjarðará og í

Héðinsfirði er vatn og á með því heiti. Héðinsfjarðarvatn er 1.7 km² að flatarmáli. Silungur er í þessum ám og vötnum, aðallega bleikja, og stunduð stangveiði í ánum en netaveiði í vatninu, auk stangveiði.

Heimildir:

Orkustofnun, Vatnamælingar
Veiðimálastofnun, birt og óbirt efni.